



TILLAGA

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni tillögu: *Breyting á fjárhagsáætlun Mánabergs 2023*

Lagt er til að breyting verði gerð á fjárhagsáætlun velferðarsviðs 2023 vegna reksturs Mánabergs, vistheimilis barna. Áætla skal tekjur vegna endurgreiðslu frá ríkinu vegna vistunarkostnaðar að fjárhæð 37,5 m.kr. og gjöld á móti.

Greinargerð:

Með breytingu á fjárhagsáætlun Mánabergs fyrir árið 2023 mun Barnaverndarþjónusta Reykjavíkur geta ráðið fleiri starfsmenn til að sinna þeirri aukningu sem orðið hefur í Mánabergi. Aukningin gæti numið um 3,5 stöðugildum. Um er að ræða breytingu á fjárhagsáætlun vegna endurgreiðslu mennta- og barnamálaráðuneytisins skv. 15 gr. Barnaverndarlaga nr. 80/2002. Nýting ársins 2022 var alls 144%.

Kostnaður vegna dvalar á sólahring á árinu 2022 var 114.653 kr. og fyrir árið 2021 var hann 94.988 kr. Alls var greitt fyrir 350 nætur fyrir tímabilið nóvember 2021 til nóvember 2022. Alls voru 10 börn í Mánabergi og er það mat Barnaverndar Reykjavíkur að þetta verði sambærilegt á árinu 2023. Endurgreiðsla ríkisins vegna þessa tímabils var kr. 37.493.550. Er hér um að ræða nokkuð fjölbreyttan hóp þó sammerkt sé að réttur er til endurgreiðslu frá ríkinu vegna vistunarkostnaðar.